

Þriðjudaginn 27. janúar 1981.

Nr. 32/1979. **Friðrik Sigurðsson**
(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Birni Jónssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til þrautavara krefst áfrýjandi lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frávisunarkröfu sína reisir áfrýjandi á því, að mál þetta sé ekki höfðað í héraði á réttu varnarþingi.

Varnarþingsregla 1. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 á við um mál þetta. Gat stefndi ekki sótt heimild í 83. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 til að reka það á bæjarþingi Dalvíkur. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 4.000.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Björn Jónsson, greiði áfrýjanda, Friðrik Sigurðssyni, 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Dalvíkur 5. maí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. apríl sl., hefur Björn Jónsson, Röðli, Djúpavogi, Suður-Múlasýslu, höfðað hér fyrir bæjarþingi Dalvíkur, með stefnu, útgefinni 22. desember 1976, á hendur Friðrik Sigurðssyni, Garðarsbraut 18, Akranesi, og Dalvíkurkaupstað. Dómkröfur stefnanda í stefnu á hendur stefnda Friðrik eru þær, að hann verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 2.205.442 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 300.000 frá 22. maí 1975 til 8. júlí 1976 og af kr. 805.442 frá 8. júlí 1976 til 15. desember 1976 og síðan 2½% dráttarvöxtum frá 15. desember 1976 til greiðsludags af kr. 2.205.442. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda Friðriks að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómara. Þá gerir stefnandi þær dómkröfur á hendur báðum stefndu, að þeim verði gert að þola staðfestingu á löghaldi, sem lagt var á jarðýtu, International TD 15 B, árgerð 1965, í vörslu Dalvíkurkaupstaðar, hinn 18. desember 1966, að öðru leyti er stefnda Dalvíkurkaupstað stefnt til réttargæslu og kröfur ekki gerðar á hendur honum.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni þannig, að í stað þess að krefjast vaxta frá 22. maí 1975 krefst hann nú vaxta frá 1. nóvember 1975.

Dómkröfur stefnda Dalvíkurkaupstaðar eru þær, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og honum jafnframt tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Þá krefst hann þess, að aflétt verði löghaldi því, sem gert var í jarðýtu af gerðinni International TD 15 B, árgerð 1965, hinn 18. desember 1976.

Af hálfu stefnda Friðriks Sigurðssonar var í upphafi gerð krafa um, að kröfum stefnanda yrði alfarið vísað frá dómi og honum yrði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda.

Hinn 21. febrúar 1977 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda Friðriks, og með úrskurði dómsins, uppkveðnum 2. mars 1977, var frávísunarkröfu stefnda Friðriks synjað, og eru dómkröfur hans í málinu nú þær aðallega, að hann

verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 150.000 með 13% ársvöxtum frá 26. febrúar 1976 til greiðsludags og málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hinn 25. mars 1975 hafi hann keypt jarðýtu af gerðinni International TD 15 B, árgerð 1965, af Landverki h/f, Keflavík. Kaupverð hafi m. a. átt að greiðast með 17 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 101.845, og einum víxli að fjárhæð kr. 103.365, og hafi þeir átt að greiðast á tímabilinu 1. júní 1975 til 1. nóvember 1976. Til tryggingar greiðslu víxlanna hafi stefnandi sett Landverki h/f veð í umræddri jarðýtu og hafi veðið verið skráð mótttekið hinn 11. apríl 1975 hjá sýslumanni Suður-Múlasýslu. Í maímánuði 1975 hafi stefnandi ákveðið að selja jarðýtuna aftur. Hafi hann falið sölumanni hjá SÍS, Pétri Ó. Péturssyni, umboð til þess að athuga sölu og hafi hann gert samkomulag við stefnda Friðrik Sigurðsson. Söluverð hafi verið ákveðið kr. 2.400.000, og skyldi stefndi taka að sér greiðslu á öllum víxlunum 18, sem veðtryggðir voru. Bréflegir samningar hafi ekki verið gerðir og því ekkert afsal til handa stefnda. Stefndi Friðrik hafi mjög fljótlega lent í vanskilum með greiðslur og þar sem víxlarnir hafi verið samþykktir af stefnanda, hafi verið gengið að honum með greiðslur. Hinn 15. desember 1976 hafi stefnandi orðið að gera dómssátt við Almennar tryggingar h/f, Reykjavík, sem þá hafi verið orðinn eigandi víxlanna, upp á kr. 1.400.000 auk vaxta vegna vanskila stefnda Friðriks við þann aðilja, en þar að auki hafi hann áður orðið að innleysa víxil hjá lögmanni í Keflavík og þar að auki hafi hann orðið að innleysa ávísun frá stefnda að fjárhæð kr. 150.000, sem stefndi hafi sent honum til greiðslu, en engin innstæða reynst fyrir. Stefnandi hafi farið til fundar við stefnda Friðrik í júní/júlí 1976 til að reyna að koma málinu í lag og verið í Reykjavík þess vegna í 2 vikur. Þá hafi hann komist að því, að stefndi Friðrik hefði selt stefnda Dalvíkurkaupstað hina veðsettu jarðýtu, sem Friðrik hafi þó ekkert afsal fengið fyrir. Stefnandi hafi átt tal við bæjarstjórnann á Dalvík um málið, sem hafi viðurkennt að hafa haft einhverja vitneskju um veð, en stefndi Friðrik muni hafa haft við orð að færa veðið af þessari jarðýtu yfir á aðra. Aldrei hafi hann þó nefnt þetta við stefnanda, sem ekki hafi haft hinn minnsta grun um sölu þessa til Dalvíkurkaupstaðar, fyrr en eftir að hún var um garð gengin, og alllöngu áður en hann uppgötvaði þessa sölu

hafi stefndi Friðrik hætt með öllu að greiða víxla þá, sem hann hafði tekið að sér að greiða.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Dómssátt vegna víxla, sem stefndi Friðrik átti að greiða og veðtryggðir eru í jarðýttunni kr. 1.400.000
2. Krafa samkvæmt reikningi frá 8. júlí 1975 — 655.442
3. Endurkrafa vegna innstæðulausrar ávísunar — 150.000

Samtals kr. 2.205.442

Hinn 18. desember 1976 hafði fógetaréttur Dalvíkur lagt lög-hald á umrædda jarðýtu að beiðni stefnanda, enda krafa stefn-anda gjaldfallin og jafnvel undanskot eigna eða tilraun til þess. Samkomulag hafi orðið um gerðina við lögmann stefnda Dalvíkur-kaupstaðar.

Af hálfu stefnda Friðriks er málavaxtalýsingu stefnanda mót-mælt. Hið sanna sé, að í byrjun maímánaðar árið 1975 hafi hann keypt jarðýtu af gerðinni International TD 15 B, árgerð 1965, af stefnanda. Kaup þessi hafi komist á fyrir milligöngu Péturs Ó. Péturssonar, sölumanns hjá SÍS. Kaupverðið hafi verið umsamið kr. 2.400.000 og hafi hann greitt fyrstu innborgun þann 9. maí 1975, kr. 500.000, og skyldi hann greiða eftirstöðvurnar með jöfn-um mánaðarlegum greiðslum með kr. 101.845 hvern mánuð frá og með 1. júní 1975, uns skuldin yrði að fullu greidd, og áttu vextir að vera meðtaldir í þessum greiðslum. Stefndi Friðrik hafi greitt þessar greiðslur framan af, ýmist beint til stefnanda eða staða, sem stefnandi átti skuld að gjalda á og hann vísaði á. Stefndi Friðrik hafi gengið mjög eftir því við áður nefndan Pétur Ó. Pétursson, umboðsmann stefnanda, að gengið yrði frá kaup-unum skriflega, og hafi hann í því sambandi boðið fram að sam-þykkja víxla til tryggingar eftirstöðvum kaupverðs og jafnframt að setja ábyrgðir eða tryggingar fyrir greiðslum víxlanna. Hafi hann farið margar ferðir til nefnds Péturs í þessu sambandi. Mál-in hafi æxlást svo, að stefndi Friðrik hafi aldrei verið krafinn um skuldaviðurkenningu eða tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðv-anna og í trausti hins munnlega samkomulags hafi hann haldið áfram að greiða hinar mánaðarlegu greiðslur. Vegna vissra erfið-leika hjá honum hafi svo farið, að greiðslufall varð af hans hálfu og muni hann enn skulda stefnanda nokkrar eftirstöðvar kaup-verðsins.

Stefndi Friðrik styður aðalkröfu sína þeim rökum, að stefnu-

kröfur, eins og þær séu fram settar í stefnu og greinargerð af hálfu stefnanda, séu slíks eðlis, að sýkna beri hann af þeim, þar sem í fyrsta lagi krafa um kr. 1.400.000 vegna dómssáttar, sem stefnandi gerði við Almennar tryggingar h/f, sé honum alls óviðkomandi og ósannað sé, að hann hafi skuldbundið sig til að greiða víxla þá, sem séu grundvöllur dómssáttarinnar. Sama sé að segja um reikning, dags. 8. júlí 1975, um kr. 655.442, en kröfur á þeim reikningi séu aðallega vegna vinnutaps stefnanda, ferðakostnaðar hans til Reykjavíkur og einhvers innleysts víxils. Kröfum þessum sé mótmælt, enda ósannað, að hann hafi skuldbundið sig til þess að greiða þar greindar kröfur. Þá sé krafist sýknu af kröfu um greiðslu innstæðulausrar ávísunar að fjárhæð kr. 150.000, þar sem varla fáist séð, hvernig hann megi þola dóm fyrir bæjarþingi þessu vegna slíkrar kröfu. Aðalkrafan sé einnig studd þeim málsrökum, að stefndi Friðrik verði vart dæmdur til þess að greiða skuld, sem ekki sé í gjalddaga fallin, en um slíkt yrði að ræða, ef honum yrði gert að greiða dómssáttina áðurnefndu. Þá fáist ekki séð, hvernig stefnandi geti kafið um höfuðstól þeirrar dómssáttar öðruvísi en að hafa áður greitt þann höfuðstól eða fengið kröfuna framselda frá Almennum tryggingum h/f. Varakrafan sé að hluta studd sömu rökum og aðalkrafan, en með tilliti til þeirrar væntanlegu afstöðu dómsins, að efnisdómur verði lagður á kröfu vegna innstæðulausrar ávísunar að fjárhæð kr. 150.000. Varakrafan sé því í reynd sú, að að svo stöddu verði stefndi Friðrik einungis dæmdur til að greiða stefnanda andvirði hinnar innstæðulausu ávísunar, kr. 150.000 ásamt 13% ársvöxtum frá útgáfudegi til greiðsludags og málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnda Dalvíkurkaupstaðar er því mótmælt, að bæjarstjóranum á Dalvík hafi verið kunnugt um veð það, sem hvíla átti á umræddri jarðýtu. Bæjarsjóður Dalvíkur hafi keypt jarðýtuna af stefnda Friðrik þann 5. desember 1975 og sé afsal gefið út sama dag. Í því afsali standi: „Á vélinni hvíla engar kvaðir né veðbönd“. Dalvíkurkaupstaður hefði aldrei samþykkt kaupin á jarðýtunni, ef vitað hefði verið um þessa veðsetningu, og því síður samþykkt, að hennar væri að engu getið í afsali. Stefnandi máls þessa hafi keypt umrædda jarðýtu hinn 25. mars 1975 af Landverki h/f, Keflavík, og hafi kaupverðið átt að greiðast að hluta með víxlum. Til tryggingar greiðslu víxlanna hafi stefnandi sett Landverki h/f veð í ýtunni og veðið verið skráð móttekið hinn 11. apríl 1975 hjá sýslumanni Suður-Múlasýslu. Stefnandi hafi síðan selt stefnda Friðrik jarðýtuna vorið 1975, en Frið-

rik þessi eigi lögheimili á Akranesi, eins og fram komi í stefnu. Til þess að veðsetningin héldi áfram gildi sínu, hafi nauðsyn borð til þess að þinglýsa veðinu að nýju á bæjarþingi Akraness samkvæmt reglum 7. gr. laga nr. 18/1887 um veð. Á sama hátt hafi átt að þinglýsa þessu sjálfsvörsluveði á bæjarþingi Dalvíkur, þegar bæjarsjóður Dalvíkur hafi keypt jarðýtuna, til þess að það héldi gildi sínu. Samkvæmt framangreindu hafi veðsetning stefnanda á jarðýttunni ekkert gildi gagnvart Dalvíkurkaupstað og beri því að aflétta löghaldi því, sem gert hafi verið hinn 18. desember 1976.

Yfirheyrslur í málinu fóru fram hér fyrir dómi 24. nóvember 1977 og 3. mars og 6. apríl 1978.

Fram er lagt í málinu svofellt vottorð Péturs Ó. Péturssonar: „Það staðfestist hér með, að undirritaður umgekkst sölu á International TD 15 B, jarðýtu árgerð 1965, fyrir Björn Jónsson, Röðli, Djúpavogi, í maímánuði 1975. Kaupandi vélarinnar var Friðrik Sigurðsson, nú til heimilis að Garðarsbraut 18, Akranesi. Heildarverð vélarinnar átti að vera kr. 2.400.000,00 (tvær milljónir og fjögur hundruð þúsund 00/100), sem áttu að greiðast þannig: Útborgun kr. 500.000,00, mánaðamótin júlí—ágúst 100.000,00, mánaðamótin ágúst—sept. 100.000,00, lok september '75 50.000,00, lok október '75 50.000,00. Síðan lofaði kaupandi að inna af hendi greiðslu á víxlum, sem Björn hafði samþykkt vegna kaupa á þessari vél til Landverks h.f., Keflavík. Víxlar þessir voru 18 að tölu, 16 að upphæð kr. 101.845,00 með gjalddaga 1. júní '75 og áframhaldandi 1. hvers mánaðar til 1. september 1976, 1. okt. 1976 kr. 103.365,00 og 1. nóvember 1975 kr. 101.845,00. Samtals voru þessir víxlar að upphæð kr. 1.834.730,00, og eru vextir þá meðtaldir. Ofangreind kjör jarðýttunnar voru samþykkt af báðum aðilum, en ekki var hægt að útbúa afsal á vélinni vegna þinglýstra kvaða, sem ekki var hægt að hnika“.

Vottorð þetta hefur Pétur Ó. Pétursson staðfest hér fyrir dómi og skýrir svo frá, að stefndi Friðrik hafi þekkt til umræddrar jarðýtu, þegar hún var í eigu Landverks h/f í Keflavík, og hafi hann ætlað að kaupa hana, en stefnandi hafi orðið fyrri til. Friðrik hafi síðan keypt ýtuna af stefnanda, skömmu eftir að stefnandi eignaðist hana. Segir vitnið, að bæði sér og stefnda Friðrik hafi verið kunnugt um víxilskuldir stefnanda við Landverk h/f vegna kaupanna og að jarðýtan var að veði til tryggingar víxlunum. Hafi ætlunin verið sú, að Friðrik yfirtæki víxilskuldir þessar með útgáfu nýrra víxla og setti síðan ýtuna að veði fyrir þeim

víxilskuldum. Hins vegar hafi ekki reynst unnt að hafa uppi á öllum víxlunum, þar sem eigendaskipti höfðu orðið að þeim og ekki unnt að ganga þannig frá málum þessum, að hægt yrði að aflýsa veðinu hjá sýslumanninum á Eskifirði. Vitnið segist telja, að stefnandi hafi að minnsta kosti til að byrja með gert stefnda Friðrik aðvart um, þegar hann fékk tilkynningar um gjalddaga víxlanna. Vitnið segir, að enginn skriflegur kaupsamningur hafi verið gerður, en það hafi átt að gera það, þegar veðinu hefði verið aflýst. Vitnið kveðst hafa tekið við fyrstu greiðslu, kr. 500.000, og lagt inn á reikning Björns og í framhaldi af því hefði Björn sent vélina með skipi, að því er vitnið minnir. Segir vitnið, að litið hafi verið svo á, að greiðsla þessi væri staðfesting á því, að kaupin væru komin á. Kveðst vitnið ekki hafa veitt fleiri greiðslum móttöku vegna kaupa þessara.

Stefnandi, Björn Jónsson, skýrir svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi keypt umrædda ýtu af Landverki h/f fyrir kr. 2.2 milljónir. Kveðst hann hafa greitt kr. 600.000 út, en eftirstöðvarnar á 18 víxlum. Hafi hann sett vélina að veði til tryggingar víxlunum. Þegar til kom, hafi ekki verið verkefni fyrir ýtuna og hafi hann haft samband við Pétur Óla Pétursson og beðið hann að selja ýtuna fyrir sig. Pétur hafi síðan fengið tilboð frá stefnda Friðrik upp á kaupverð kr. 2.400.000, sem greiddast skyldu þannig, að strax áttu að greiðast kr. 500.000 og síðan 1. ágúst kr. 100.000 og 1. september kr. 100.000 og 1. október kr. 50.000 og 1. nóvember kr. 50.000 og síðan skyldi Friðrik yfirtaka víxilskuldir stefnanda vegna kaupa hans á ýtunni, samtals 18 víxla, 17 þeirra að fjárhæð kr. 101.845 og 1 að upphæð kr. 103.365. Stefnandi kveðst hafa samþykkt tilboð þetta og hafi Pétur átt að ganga frá kaupunum. Kveðst stefnandi síðan hafa fengið greiddar kr. 500.000 og þá sent stefnda ýtuna með skipi. Af þeim 300.000, sem stefndi skyldi greiða í viðbót, kveðst stefnandi ekkert hafa fengið utan ávísun að fjárhæð kr. 150.000, sem stefndi hafi sent honum í pósti í febrúar 1976. Ávísun þessi hafi reynst innstæðulaus. Stefnandi segir, að í ljós hafi komið, að víxlarnir hafi verið komnir í hendur annarra aðilja en í upphafi, og hafi því ekki reynst mögulegt að ganga frá yfirtöku þeirra til stefnda og hafi þá svo um samist milli sín og stefnda Friðriks, að hann tilkynnti Friðrik um gjalddaga víxlanna, skyldi Friðrik síðan senda greiðslu þessa beint til víxileiganda. Segir stefnandi að samkomulag þetta hafi orðið í viðræðum þeirra á milli í síma, einnig hafi Pétur haft milligöngu um, að þessi háttur yrði upp

tekinn. Fyrsta víxillinn kveðst stefnandi hafa greitt, þar sem stefndi Friðrik gat það ekki, síðan hafi stefndi ætlað að greiða honum hann seinni hluta júlímánaðar. Stefnandi kveðst hins vegar aldrei hafa fengið þessa greiðslu þrátt fyrir viðtöl við stefnda. Víxla, sem féllu 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. desember, hafi stefndi Friðrik greitt og kr. 20.000 inn á víxil, sem féll 1. janúar. Segir stefnandi, að stefndi Friðrik hafi innt þessar greiðslur af hendi beint til víxileigenda að sinni tilvísun. Frekari greiðslur hafi stefndi Friðrik ekki innt af hendi vegna kaupanna. Stefnandi segist hafa fengið tilkynningar um gjalddaga þeirra víxla, sem eftir voru, og látið Friðrik vita af því. Segir stefnandi, að allir víxlarnir 10 að tölu hafi verið í eigu Almennra trygginga h/f og ekki gerður neinn reki að innheimtu þeirra, fyrr en þeir voru allir gjaldfallnir. Segist stefnandi hafa staðið í þeirri meiningu, að Friðrik hefði gert upp þessa víxla, þar til í júní 1976, að honum var stefnt til greiðslu víxils, sem féll 1. janúar 1976, eign Sparisjóðsins í Keflavík. Kveðst stefnandi af því tilefni hafa farið suður og hitt Friðrik og hafi þeir farið saman til Garðars Garðarssonar lögmanns, sem hafði með málið að gera, og samdi Friðrik þá við Garðar um, að hann frestaði málshöfðun og greiddi honum kr. 20.000 upp í kröfuna. Stefnandi segir, að Friðrik hafi ekki staðið við samkomulagið við Garðar, og kveðst stefnandi hafa greitt eftirstöðvar kröfunnar. Í þessari ferð kveðst stefnandi hafa komist að því í viðtali við Friðrik, að Friðrik hefði ekkert greitt af víxilskuldunum við Almennar tryggingar. Kveðst stefnandi að lokum hafa gert sátt fyrir dómi og vera búinn að greiða höfuðstól sáttarinnar að fullu og hluta vaxta og kostnaðar. Stefnandi segir, að dráttur á innheimtu víxlanna hjá Almennum tryggingum hafi stafað af því, að stefndi Friðrik hafi stöðugt samið við þá um frest á greiðslum, sem hann síðan hafi ekki staðið við. Kveðst stefnandi hafa fengið þær upplýsingar hjá Almennum tryggingum, að Friðrik væri búinn að semja um greiðslurnar. Stefnandi segist hafa fengið vitneskju um það hjá Péttri Óla Péturssyni í febrúar 1976, að Friðrik væri búinn að selja Dalvíkurbæ ýtuna. Stefnandi kveðst hafa hringt í bæjarstjórnann á Dalvík strax eftir viðtalið við Pétur og hafi bæjarstjórinn þá viðurkennt að hafa vitað, að veð hefði verið á ýtunni, þegar hann keypti hana, hafi hann kynnt sér það hjá sýslumanni Suður-Múlasýslu. Bæjarstjórinn hafi jafnframt skýrt sér frá því, að Friðrik hefði lofað að flytja veðið yfir á aðra ýtu, sem hann keypti. Stefnandi telur rangminni hjá

sér, að víxill með gjalddaga 1. júní hafi ekki verið greiddur af stefnda.

Stefndi Friðrik Sigurðsson skýrir svo frá hér fyrir dómi, að hann kannist við að hafa keypt umrædda ýtu fyrir milligöngu Péturs Óla Péturssonar af stefnanda. Segir hann rétt, að umsamið kaupverð hafi verið kr. 2.400.000. Hafi það átt að greiðast þannig: Við afhendingu kr. 500.000, síðan hafi hann átt að samþykkja víxla fyrir öllum eftirstöðvunum að fjárhæð kr. 101.845, 17 stykki með mánaðarlegum gjalddögum og 1 að fjárhæð kr. 103.365. Segir hann, að aldrei hafi verið gengið frá útgáfu þessara víxla, þrátt fyrir að hann hafi gengið eftir því. Hann hafi enn fremur ekki fengið skriflegt afsal fyrir ýtunni og ekki verið aflýst veði, er á henni hvíldi. Segir mættur (sic), að Pétur hafi fært fram þær ástæður, að ekki hefði tekist að ná sambandi við fyrri eigendur víxlanna. Hann kveðst hafa greitt Pétri fyrstu 500.000 krónurnar, síðan hafi hann greitt stefnanda sem svaraði andvirði fyrsta víxilsins, síðan hafi hann greitt víxilskuldir stefnanda eftir hans tilvísun, samtals sex sinnum, og síðan 20.000 upp í sjöunda víxilinn. Segir hann, að greiðslur þessar hafi verið inntar af hendi til ýmissa aðilja. Í viðbót við þetta kveðst stefndi hafa sent ávísun, kr. 150.000, til stefnanda í febrúar 1976, sú ávísun hafi reynst innstæðulaus og hafi stefnandi orðið að leysa hana til sín og sé hún ógreidd enn. Kveður stefndi fjárhagserfiðleika hafa komið í veg fyrir frekari greiðslur af sinni hendi. Hann kveðst síðan hafa selt þessa ýtu Dalvíkurkaupstað. Kveðst hann þá ekki hafa getið þess, að ýtan væri veðsett. Kveðst hann hafa ætlað að flytja veðið yfir á aðra ýtu, sem síðan hafi ekki reynst unnt að gera. Hann segir, að hann og stefnandi hafi hist hjá Þorvaldi Lúðvíkssyni í Reykjavík til að ná samkomulagi um skil á skuld stefnda, en þær viðræður hafi ekki borið árangur vegna kröfugerðar stefnanda. Stefndi segir, að greiðslurnar í júlí, ágúst, september og október séu rangar og hafi ekki verið við sig samið um þær. Segir hann, að ekki hafi verið gert ráð fyrir, að greiddir yrðu vextir af víxlum þeim, er hann átti að samþykkja, og mismunur kaupverðs og greiðslna þeirra, er áður eru upp taldar, kr. 65.270, hafi átt að greiðast á tímabilinu júní—ágúst 1975. Þá segir hann, að rangt sé, að hann hafi lofað að inna af hendi greiðslur, sem Björn hafi samþykkt. Stefndi kveðst kannast við að hafa átt viðræður við Jón Halldórsson, lögmann Almennra trygginga, um að taka að sér greiðslu einhvers hluta skuldar stefnanda við Almennar tryggingar. Viðræður þessar hafi orðið árang-

urslausar, og kveðst hann aldrei hafa innt af hendi greiðslur til þessa aðilja. Stefnandi kveðst líta svo á, að hann skuldi stefnanda vegna vélakaupanna kr. 1.017.930 auk tékkans, kr. 150.000. Stefnandi segir, að kaupin hafi verið hugsuð þannig, að hann samþykkti víxla til stefnanda, sem tryggðir yrðu með veði í vélinni, og sem stefnandi gæti notað til að leysa veðið af. Hann segir, að hluti víxilupphæðanna hafi verið hugsaður sem vextir, þ. e. kr. 1.845 af hverjum víxli.

Valdimar Bragason, bæjarstjóri Dalvíkurkaupstaðar, skýrir svo frá, að umrædd ýta hafi verið keypt af stefnda Friðrik á kr. 3.000.000 og greiddar út í hönd. Seljandi hafi ekki getið þess, að veð væri á ýtunni. Hins vegar hafi sér borist vitneskja um það annars staðar frá, og kveðst hann hafa kannað það á þann hátt að hafa samband við sýslumann Borgarfjarðarsýslu, sem hafi gefið þær upplýsingar, að engin veð hvíldu á lausafé stefnda, sem þar átti þá lögheimili. Einnig hafi hann haft samband við sýslumann Suður-Múlasýslu, þar sem honum var kunnugt um, að fyrri eigandi átti lögheimili í þeirri sýslu, og fengið þá þær upplýsingar, að veð hvíldi á ýtunni þar. Kveðst hann hafa fengið þær upplýsingar, að veðið væri niður fallið vegna reglna um þinglýsingu lausafjárveða, og að þeim upplýsingum fengnum svo og yfirlýsingu stefnda um, að engar kvaðir hvíldu á ýtunni, hafi hann ákveðið kaupin í trausti þess, að ýtan væri kvaðalaus. Hann segir, að stefndi hafi ekki getið þess, að hann hefði ekki afsal fyrir ýtunni.

Aðiljar eru sammála um, að kaup hafi komist á um nefnda jarðýtu og að um þau hafi verið gerður munnlegur samningur. Að virtum framburði stefnanda og stefnda Friðriks og með hliðsjón af greiðslu stefnda Friðriks á kr. 150.000 með (innstæðulausri) ávísun upp í útborgunarliði samningsins svo og með samanburði við samning stefnanda við Landverk h/f um kaup hans á ýtunni þykir mega miða við framburð vitnisins Péturs Óla Péturssonar um efni hins munnlega samnings.

Aðiljar eru sammála um, að ekki hafi tekist að uppfylla það ákvæði samningsins, að stefndi Friðrik yfirtæki víxilskuldir stefnanda, sem um var samið, en í þess stað var sá háttur upp tekinn, að stefndi Friðrik greiddi þær í gjalddaga ýmist til stefnanda sjálfs eða annarra aðilja að tilvísun stefnanda.

Aðiljar eru sammála um, að stefndi Friðrik hafi innt af hendi eftirtaldar greiðslur: Kr. 500.000 fyrir afhendingu, kr. 150.000 með ávísun, sem reyndist innstæðulaus, og síðan greiðslu á and-

virði samtals sjö víxilskulda stefnanda í gjalddaga 1. júní 1975, 1. júlí 1975, 1. ágúst 1975, 1. september 1975, 1. október 1975, 1. nóvember 1975 og 1. desember 1975, hver greiðsla að fjárhæð kr. 101.845, enn fremur kr. 20.000 upp í greiðslu (kr. 101.845), sem fram átti að fara 1. janúar 1976.

Viðurkennt er af hálfu stefnda Friðriks, að frekari greiðslur hafi ekki farið fram af hans hendi.

Á stefndi Friðrik því eftir að inna af hendi eftirtalдар greiðslur samkvæmt samningnum, og er þó ekki litið á hina innstæðulausu ávísun (kr. 150.000) sem greiðslu:

Mánaðamót júlí/ágúst	kr.	100.000
Mánaðamót ágúst/september	—	100.000
Lok september 1975	—	50.000
Lok október 1975	—	50.000
1. janúar 1976	—	81.845
1. febrúar 1976	—	101.845
1. mars 1976	—	101.845
1. apríl 1976	—	101.845
1. maí 1976	—	101.845
1. júní 1976	—	101.845
1. júlí 1976	—	101.845
1. ágúst 1976	—	101.845
1. september 1976	—	101.845
1. október 1976	—	103.365
1. nóvember 1976	—	101.845
eða samtals		kr. 1.401.815

Ber að dæma stefnda Friðrik til að greiða stefnanda framan- greinda fjárhæð ásamt eftirtöldum vöxtum: 2% mánaðarvöxtum af kr. 100.000 frá 1. ágúst 1975 til 1. september s. á., af kr. 200.000 frá þeim degi til 1. okt. s. á., af kr. 250.000 frá þeim degi til 1. nóv. s. á., af kr. 300.000 frá þeim degi til 1. jan. 1976, af kr. 381.845 frá þeim degi til 1. febr. s. á., af kr. 483.690 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 585.535 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 687.380 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 789.225 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 891.070 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 992.915 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 1.094.760 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 1.196.605 frá þeim degi til 1. október s. á., af kr. 1.299.970 frá þeim degi til 1. nóvember s. á. og af kr.

1.401.815 frá þeim degi til 15. des. 1976, en 2½ % mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eins og að framan er rakið, yfirtók stefndi Friðrik ekki víxilskuldir stefnanda, eins og gert var ráð fyrir í samningi. Eru aðiljar sammála um, að ástæðan hafi verið erfiðleikar stefnanda sjálfs á að ná til víxileigenda og semja við þá.

Eigi er gegn andmælum stefnda Friðriks sannað, að hann hafi á annan hátt tekið á sig ábyrgð á nefndum víxilskuldum stefnanda. Verður stefndi Friðrik því ekki krafinn um kostnað þann, er stefnandi varð fyrir vegna vanskila hans á nefndum víxilskuldum. Hins vegar þykir rétt að taka nokkurt tillit til kostnaðar stefnanda af ferðum til Reykjavíkur vegna tilrauna hans til að fá fram efndir á samningum við stefnda, við ákvörðun málskostnaðar.

Eins og að framan er rakið, krefst stefnandi að því er virðist annars vegar, að viðurkenndur verði veðréttur hans í framangreindri ýtu til tryggingar skuld stefnda við hann, og hins vegar, að staðfest verði kyrrsetningargerð, sem fram fór í ýtunni 18. desember 1976.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi eignast veðrétt í ýtunni til tryggingar skuld stefnda Friðriks. Aðiljar eru sammála um, að ákvæði hins munnlega samnings þeirra um þetta efni hafi aldrei komið til framkvæmda. Fullyrðing stefnanda um, að hann hafi orðið veðhafi í ýtunni með greiðslu eigin skulda, sem hann hafði sjálfur tryggt með veði í ýtunni, fær ekki staðist. Krafa stefnanda um viðurkenningu á veðrétti verður því ekki tekin til greina.

Kröfu um staðfestingu á kyrrsetningunni beindi stefnandi í upphafi að stefnda Friðrik og stefnda Dalvíkurkaupstað. Kröfu þessari á hendur stefnda Friðrik var vísað frá dómi með úrskurði, uppkveðnum 2. mars 1977, og er krafa þessi nú aðeins höfð uppi á hendur Dalvíkurkaupstað.

Með afsali, dags. 5. desember 1975, seldi stefndi Friðrik með stefnda Dalvíkurkaupstað ýtuna. Ágreiningslaust er, að ýtan var ennþá eign Dalvíkurkaupstaðar, er kyrrsetning var gerð í henni 18. desember 1976 til tryggingar skuld stefnda Friðriks við stefnanda. Eigi hefur verið sýnt fram á, að stefndi Dalvíkurkaupstaður hafi undirgengist ábyrgð á téðri skuld stefnda Friðriks við stefnanda. Gátu eignir Dalvíkurkaupstaðar eigi orðið andlag kyrrsetningar til tryggingar þeirri skuld, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1949.

Ber því að sýkna stefnda Dalvíkurkaupstað af kröfu stefnanda og fella kyrrsetninguna niður.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda Friðrik til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 370.000.

Rétt þykir að dæma stefnanda til að greiða stefnda Dalvíkurkaupstað málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Sigurðsson, greiði stefnanda, Birni Jónsyni, kr. 1.401.815 ásamt 2% mánaðarvöxtum af kr. 100.000 frá 1. ágúst 1975 til 1. september s. á., af kr. 200.000 frá þeim degi til 1. okt. s. á., af kr. 250.000 frá þeim degi til 1. nóv. s. á., af kr. 300.000 frá þeim degi til 1. jan. 1976, af kr. 381.845 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., af kr. 483.690 frá þeim degi til 1. mars s. á., af kr. 585.535 frá þeim degi til 1. apríl s. á., af kr. 687.380 frá þeim degi til 1. maí s. á., af kr. 789.225 frá þeim degi til 1. júní s. á., af kr. 891.070 frá þeim degi til 1. júlí s. á., af kr. 992.915 frá þeim degi til 1. ágúst s. á., af kr. 1.094.760 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 1.196.605 frá þeim degi til 1. okt. s. á., af kr. 1.299.970 frá þeim degi til 1. nóv. s. á. og af kr. 1.401.815 frá þeim degi til 15. des. 1976, en 2½% mánaðarvöxtum af kr. 1.401.815 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 370.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Kröfu stefnanda um staðfestingu löghalds, sem fram fór 18. des. 1976 í jarðýtu International TD 15 B, árgerð 1965, er synjað.

Stefnandi greiði stefnda Dalvíkurkaupstað kr. 40.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.